

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af vörum í framhaldsflutningi.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 1. tl. 3. gr. tollskrárlaga, nr. 63 31. maí 1968, til þess að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað í framhaldsflutningi (Transit), án þess að til komi leyfi ráðuneytisins hverju sinni. Tollyfirvöldum ber að fylgjast með, að viðkomandi vara sé flutt beint úr afgreiðslu farmflytjenda í farartæki það, sem flytja á vöruna úr landi.

Innflytjendur, sem óska eftir framhaldsflutningi á vörum, skulu snúa sér beint til tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi með beiðni þar að lútandi. Innflytjanda ber að greiða tollyfirvöldum þann kostnað, sem tollgæzlan kann að hafa af eftirliti með flutningi vörunnar.

Þetta tilkynnist öllum, er hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

26. júlí 1968.

Nr. 221.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 37 22. febrúar 1968 um breytingu á reglugerð, um bann við veiði smásíldar, nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna "Á tímabilinu frá 1. marz til 15. ágúst 1968 eru sildveiðar þó bannaðar á þessu svæði" í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi orðin:

Á tímabilinu frá 1. marz til 1. september 1968 eru sildveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 26. júlí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

30. júlí 1968.

Nr. 222.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs í Skógalóni inn af Nýpsfirði.

Samkvæmt 6. lið 14. gr. laga nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði: